



RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki



Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggitur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY
PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HÁRNINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar 60 ára afmæli með hátíðartónleikum á laugardaginn



Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar um þessar mundir 60 ára afmæli, en skólinn var stofnaður árið 1964 og hét þá Tónlistarskóli Garðahrepps. Af þessu tilefni verður haldið upp á 60 ára afmæli skólans á laugardaginn, 9. nóvember, með fernum hátíðartónleikum í tónleikasalnum í Kirkjulundi kl. 13.00, 14.00, 15.00 og 16.00.

Tónlistarskóli Garðabæjar var upphaflega rekinn af Tónlistarfélagi Garðahrepps sem stofnað var sama ár. Aðalhvatamenn að stofnun skólans voru Helgi K. Hjálmsón, Vilbergur Júlíusson skólastjóri barnaskólans, sr. Bragi Friðriksson og Ólafur G. Einarsson þáverandi sveitastjóri. Skólastjóri var ráðinn Guðmundur Norðdahl og gegndi hann því starfi til ársins 1975. (Sjá nánar á bls. 12)

KOMINNTÍMÁ SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

Frumherji

HAFÍÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI!"




LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT



30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075



Jón
793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Munið að panta tímalega fyrir jólin Tímabantanir í síma 565 6620



**Ekki gleyma vinsælu
gjafabréfunum í jólapakkann!**

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Verið velkomin - opið alla virka daga frá 9-18

750 manns lögðu leið sína á hrekkjavökuball bókasafnsins

Starfsfólk bókasafnsins á Garðatorgi skreytti safnið hátt og lágt fyrir Hrekkjavökuna. Það mátti finna leðurblökur, risa könguló, svakalegt grasker, hryllilegar bækur og margt fleira.

Margir, hátt í 750 manns, lögðu leið sína á hrekkjavökuballið sem haldið var fyrir börn laugardaginn 26. október sl. Þá var dansað, fönðrað og leikið sér.

Hrekkjavökugleði fyrir allra yngstu krílin fór svo fram á foreldramorgni 31. október klukkan 10:30. Þau sem mættu hlýddu á ljúfa tóna og nutu dýrðarinnar í barnadeild bókasafnsins.

Á Hrekkjavökudaginn sjálfan leiddi Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur fræðslu um drauga og draugagöngu. Draugagangan hófst á bókasafninu á Garðatorgi og hélt sem leið lá upp í Minjagarðinn á Hofsstöðum. Á leiðinni sagði Dagrún frá draugum og þeim ólíku gerðum drauga sem finnast á Íslandi, uppvakningum, afturgöngum, útburðum og fépúkum, auk þess sagði hún



frá vel völdum íslenskum draugasögum. Gestir lærðu að þekkja drauga frá hinum lifandi og margt fleira.

Margt verður um að vera í nóvember á Bókasafni Garðabæjar
Álftanessafn heldur áfram að bjóða upp á fönður á borðum alla fimmtudaga. Yfir vetrartímam er opið í Álftanessafni fyrsta laugardag í mánuði og þá er eitthvað í boði fyrir fjölskylduna. Jólaföndur verður á borðum laugardaginn 7. desember á milli klukkan 12 og 15.

Á Garðatorgi halda leshringirnir áfram sínu starfi að venju. Þeir sem vilja bjóða börnunum sínum að lesa fyrir hund geta pantað tíma hjá safninu þar sem hundar koma í heimsókn laugardaginn 9. nóvember. Skuggaleikhúsið ÞYKJÓ kemur í heimsókn laugardaginn 16. nóvember og bregður á leik með ljós og skugga. Smíðjan er ætluð börnum frá fjögurra ára aldri. Rithöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir og Hjalti Halldórsson lesa úr nýjum bókum sínum, Fíásól í logandi vandræðum og



Hinn eini sanni sveinn, 23. nóvember kl. 13. Jólábókaspjall Bókasafns Garðabæjar fer fram fimmtudaginn 28. nóvember klukkan 20. Gestir fá að njóta rithöfunda, léttra veitinga og notalegrar stundar í hlýju fangi Bókasafns Garðabæjar þar sem öll eru velkomin.

Dagskrá bókasafnsins er á Facebook og vefnum bokasafn.gardabaer.is.

Alls söfnuðust um 362.000 krónur á sýningunni Geimvera í Garðabæ



Laugardaginn 2. nóvember hélt leikfélagið Verðandi sérstaka góðgerðarsýningu á leikritinu Geimvera í Garðabæ, sem sýnt er í Urðarbrunni í FG þessa dagana.

Smekktullt var þegar Mikael Steinn Guðmundsson (höfundur) og Gunnar Ingi Guðmundsson (fulltrúi UNICEF) komu fram á sviðið og Mikael tilkynnti að allur ágóði sýningarinnar myndi renna til stuðnings barna sem eiga um sárt að binda vegna stríðsátakanna á GAZA. Frábært þegar látið er gott af sér leiða.

Alls söfnuðust um 362.000 krónur á sýningunni, sem var fjörug og ungir áhorfendur duglegir við að koma með ábendingar, spurningar og annað slíkt, jafnvel til leikaranna sjálfra á sviðinu, mjög skemmtilegt.

Í lok sýningar fengu svo allir sem vildu „geimverumyndir“.

Lokasýning verður sunndaginn 10. nóvember kl. 17.00 og eftir það fer geimveran á vit nýrra ævintýra.

Í lok sýningar fengu svo allir sem vildu „geimverumyndir“ af sér með geimverunum



Takið vel á móti fermingarbornunum

Þau safna fyrir
Hjálparstarf kirkjunnar
5.-8. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar

OPINN FUNDUR MEÐ BJARNA BENEDIKTSSYNI

SJÁLFSTÆÐISFÉLÖGIN SUÐVESTURKJÖRDÆMI

LAUGARDAGINN 9. NÓVEMBER
KL. 10:00 - HLÍÐARSMÁRA 19



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 14. nóvember

Síðasti skiladagur föstudaginn 8. nóvember
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Útgjaldauki upp á 231.600.000 m.kr

Kostnaðarhækkningar vegna kjarasamninga tæpar 172 milljónir kr.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, kom á fund bæjarráðs í síðustu viku og gerði grein fyrir útgjaldauka að upphæð 231.600.000 m.kr., við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024, en nýir kjarasamningar vegna þar þyngst og eru kostnaðarhækkningar vegna þeirra fyrir árið 2024, 171,6 m.kr.

Kjarasamningar

Gengið var frá kjarasamningum við Starfsmannafélag Garðabæjar og Verkalýðfélagið Hlíf í júní sl. með afturvirkum hækkunum frá apríl sl. Einnig var gerður kjarasamningur við félag tónlistarskólakennara í desember sl. eftir samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.

Kostnaðarhækkningar vegna þessara kjarasamninga nema á árinu 2024 kr. 171,6 m.kr. og skiptast eftirfarandi:

Velferðasvið kr. 21.850.000
Fræðslumál kr. 82.700.000
Menningarmál kr. 1.500.000
Æskulýðs- og íþróttamál kr. 33.300.000
Skipulags- og byggingarmál kr. 3.750.000
Umhverfismál kr. 8.500.000
Sameiginlegur kostnaður kr. 13.100.000
Eignasjóður kr. 1.100.000
Þjónustumiðstöð kr. 3.800.000
Samveitur kr. 2.000.000
Samtals kr. 171.600.000

Æskulýðs og íþróttamál

Í fjárhagsáætlun 2024 er vanreiknuð húsnæðisnotkun íþróttafélaga upp á um 60,5 m.kr. vegna Miðgarðs. Bæta þarf við



fjárhagsáætlun ársins eftirfarandi færslum vegna þessa.

Reiknuð afnot UMFÁ kr. 3.473.862
Reiknuð afnot Stjarnan kr. 57.034.253
Samtals kr. 60.508.115

Tekjur Íþróttamannvirkja kr.-60.508.115

Breytingin hefur engin áhrif á sjóðsstreymi

Fræðslumál

Innri leiga hefur verið uppfærð vegna Urríðabóls í Kaupþúni samtals að fjárhæð kr. 136.439.374 sem bæta þarf við fjárhagsáætlun ársins.

Einingaleikskóli við Kaupþún kr. 136.439.374

Eignasjóður innri leiga kr.-136.439.374

Breytingin hefur engin áhrif á sjóðsstreymi

Umferðar- og samgöngumál

Bæta þarf við fjármagni til snjómokstur og hálkuvana vegna ársins 2024 um 60 millj. kr.

Snjómokstur kr. 60.000.000

Útgjaldauki kr. 231.600.000

Fjármögnun viðauka

Varasjóður kr. - 171.600.000 31916-7179
Staðgreiðsla útsvars kr. -60.000.000
Samtals kr. -231.600.000

Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarsjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2024 samkvæmt 2.mgr. 63.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Veistu hvað barnið þitt er með í bakpokanum?

Fjölmargir áhugaverðir viðburðir hafa verið haldnir á stofnunum bæjarins í forvarnarvikunni, sem stendur enn yfir. Þá verður haldinn fræðslufundur fyrir forráðfólk barna og unglinga, Veistu hvað barnið þitt er með í bakpokanum?, 12. nóvember nk. kl. 20 í Sjálandsskóla og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til að mæta.

Góð samskipti hafa verið í aðalhlutverki í forvarnavika Garðabæjar sem hófst 1.

nóvember á Menntadegi Garðabæjar og henni lýkur á morgun, föstudaginn 8. nóvember á Degi gegn einelti. Í vikunni hefur samskiptasáttmála Garðabæjar verið gert sérstaklega hátt undir höfði en leiðarljós hans er að stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu barna, forráðafólks og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Góð samskiptafærni er mikilvægt veganesti í lífinu.

Menntaþing Garðabæjar var haldið sl. mánudag í Urriðaholtsskóla



KJÖRSKRÁ GARÐABÆJAR

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis sem fram eiga að fara laugardaginn 30. nóvember 2024 mun liggja frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Garðabæjar í Ráðhúsinu við Garðatorg 7, frá og með föstudeginum 8. nóvember 2024 til kjördags.

Á kjörskrá Garðabæjar eru allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri þegar kosning fer fram og voru með lögheimili hér á landi 29. október 2024.

Íslenskir ríkisborgarar, sem náð hafa 18 ára aldri og hafa átt lögheimili hér á landi, eiga kosningarrétt í sextán ár í því sveitarfélagi sem þeir fluttu lögheimili frá.

Íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri sem fluttu lögheimili sitt fyrir meira en 16 árum geta átt kosningarrétt hafi þeir sótt um það til Þjóðskrár Íslands fyrir 1. desember 2023.

Erlendir ríkisborgarar eiga ekki kosningarrétt og eru því ekki á kjörskrá.

Á vefsíðu Þjóðskrár Íslands, skra.is, er hægt að nálgast nánari upplýsingar um hvort aðilar eru á kjörskrá eða ekki. Leiðbeiningar og upplýsingar um kosningarnar er einnig að finna á vefsíðunni kosning.is.

Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands sem tekur þær þegar til meðferðar og gerir viðeigandi leiðréttingar ef við á. Slíkar leiðréttingar má gera fram á kjördag.

Sviðsstjóri fjármála-
og stjórnsýsluviðs

KJÓSTU → ÖÐRUVÍSI

30.
NÓVEMBER



PÍRATAR



Ýmis námskeið tengd þrjónaskap hjá AS WE GROW



Í október var haldið fyrsta námskeiðið í þrjónaseríu íslenska fatahönnunarmerkisins AS WE GROW.

Byrjendur fengu leiðsögn frá Sölu Sól og komust af stað með sín fyrstu verkefni. Stemningin var einstaklega hlý og góð og voru þarna saman komnir byrjendur með mismikla reynslu. Sumir höfðu byrjað nokkrum sinnum á sömu flikinni og aðrir höfðu ekki snert þrjóna síðan í barnaskóla.

AS WE GROW mun halda áfram að bjóða upp á ýmis konar námskeið tengd þrjónaskap, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.



Á döfinni er að kenna nýjum þátttakendum að hanna sitt eigið munstur, aðlaga og gera við þrjónaflikur, bæði á hefðbundinn hátt og með skemmtilegum og skapandi útfærslum. Kveikjan að AS WE GROW var einmitt handþrjónuð flik sem gekk manna á milli og hélt hlýju í hópi ættingja og vina í meira en áratug. Að þrjóna og skapa flikur sem gætu gengið á milli kynslóða og tengt fólk saman.

Hægt er að fá upplýsingar um námskeiðin á heimasíðu As We Grow, aswegrow.is. Meðfylgjandi eru myndir sem Eygló Gísladóttir tók á námskeiðinu.

X - 24 Alþingiskosningar

Ísland, land tækifæranna

Ísland hefur löngum verið þekkt fyrir einstaka náttúruferu og auðlindir. En nú er kominn tími til að við nýtum þessa sérstöðu til að laða að fjölbreytt fyrirtæki sem sjá hag í því að hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi. Með því að skapa umhverfi sem hvetur til slíkrar starfsemi getum við styrkt efnahagslífið, aukið fjölbreytni í atvinnulífinu og skapað fleiri tækifæri fyrir landsmenn.

Það er óumdeilt að nýsköpunarfyrirtæki eru drifkraftur hagvaxtar í nútímasamfélagi. Þau skapa ný störf, stuðla að tækniframförum og geta haft jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar. Með því að leggja sérstaka áherslu á að laða slík fyrirtæki til Íslands getum við byggt upp sterkari nýsköpunargeira sem getur orðið leiðandi burðarás í íslensku efnahagslífi.

En til að þetta verði að veruleika þurfum við að búa til umhverfi sem er aðlaðandi fyrir alþjóðleg fyrirtæki. Það felur í sér að endurskoða regluverk, skattkerfi og aðra þætti sem hafa áhrif á ákvarðanir fyrirtækja um staðsetningu. Við þurfum að tryggja að Ísland sé samkeppnishæft í alþjóðlegu samhengi, bæði hvað varðar kostnað og aðgengi að hæfu starfsfólki.

Einfalda þarf regluverk

Eitt af lykilatriðum er að einfalda regluverk og gera það skilvirkara. Flókið og íþyngjandi regluverk getur fælt fyrirtæki frá því að koma hingað. Með því að einfalda ferla, stytta biðtíma og auka gagnsæi

getum við gert Ísland að meira aðlaðandi valkosti. Þetta þýðir ekki að fórn gæðum eða öryggi, heldur að hanna kerfi sem er sveigjanlegt og tekur mið af þörfum nútímafyrirtækja.

Skattkerfið er annar mikilvægur þáttur. Við þurfum að bjóða upp á samkeppnishæf skattkjör sem hvetja fyrirtæki til að koma hingað og starfa til lengri tíma. Þetta gæti falið í sér skattaafslætti fyrir nýsköpunarfyrirtæki, hvata til rannsókna og þróunar eða sérstækar lausnir fyrir alþjóðleg fyrirtæki sem setja upp höfuðstöðvar sínar hér á landi.

Menntun og mannauður eru einnig lykilþættir. Fyrirtæki þurfa að hafa aðgang að hæfu starfsfólki og því er nauðsynlegt að menntakerfið okkar sé í takt við þarfir atvinnulífsins. Með því að efla menntun í tækni- og vísindagreinum, stuðla að símenntun og auðvelda flæði erlends sérfræðifólks til landsins, getum við tryggt að fyrirtækin hafi aðgang að því hæfileikafólki sem þau þurfa á að halda.

Undir okkur komið að gera Ísland að landi tækifæranna

En þetta gerist ekki af sjálfu sér. Við þurfum að sýna vilja til að breyta og aðlaga okkur að breyttum heimi. Þetta krefst pólitísks vilja, samvinnu milli hins opinbera og einkageirans og skýrri framtíðarsýn. Við þurfum að setja okkur markmið og vinna markvisst að því að ná þeim.



Gísli Rafn Ólafsson

Einnig er mikilvægt að tryggja að ávinningurinn af því að laða að fyrirtæki skili sér til samfélagsins alls. Það þýðir að huga að félagslegum þáttum, eins og húsnæðismálum, samgöngum og þjónustu. Með því að tryggja að innviðir samfélagsins séu í lagi getum við stuðlað að því að fyrirtækin verði hluti af samfélaginu, ekki aðeins gestir.

Það er undir okkur komið að gera Ísland að landi tækifæranna. Með því að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og laðar að fjölbreytt fyrirtæki getum við byggt upp öflugt og sjálfbært efnahagslíf. Við höfum alla burði til að ná þessu fram, ef við tökum saman höndum og vinnum að sameiginlegu markmiði.

Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata í Suðvestur kjördæmi

Garðapósturinn á www.kgp.is - [Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

Harðasti jólapakkinn í ár Challenger XL Rafmagns barnabuggy

Fjór hjóladrifinn með mótör við hvert hjól
Fjarstýrður og Handstýrður
Öflug 24V rafhlaða

Stillanleg leðursæti með 2 öryggisbeltum
15 tommu gúmmídekk
Bluetooth útvarp og svo margt fl.



Barnabilar.is

BARNABILAR

Tónlistarskóli Garðabæjar

60 ára

Laugardaginn 9. nóvember

Skólinn fagnar tímamótunum með tónleikum
kl. **13.00**, **14.00**, **15.00** og **16.00** í tónleikasal
skólans Kirkjulundi 11. Verið öll velkomin.

Áhugaverð og nokkuð óvenjuleg haustsýning Grósku á Garðatorgi

Sýningin er opin tvær næstu helgar, laugardag og sunnudag og opið er alla dagana milli kl.14-18

Það var notaleg stemming og léttur kaffilmur í Gróskusalnum á Garðatorgi sl. laugardag þegar félagar í Grósku opnuðu sína árlegu haustsýningu.

„Sýninguna köllum við Gallerí Kaffihús og ekki af ástæðulausu. Við höfum umbreytt salnum í notalega kaffihúsastemmingu þar rými og myndlist samtvinnast og hvar gestir geta setið í rólegheitum með bók eða þrjóna í hendi, sötrað kaffi og bitið í smákökur. Og jafnvel krotað eitthvað á sum borðanna, hlýtt á tónlist, hlustað á upplestur eða látið spá fyrir sér,“ segir Birgir Rafn Friðriksson félagi í Grósku, en sýningarstjóri er myndlistarkonan og Gróskufélaginn Unnur Sæmundsdóttir.



Haustsýning Gróskufélaga heldur áfram næstu tvær helgar og að sjálfsgöðu verður

heitt á könnunni og bakkelsi á borðinu. Þetta er nokkuð áhugaverð og óvenjuleg sýning þar sem skissur, flæðandi skemmtilegt upphengi og notaleg stemming og svo var boðið upp á ljóðupplestur sl. sunnudag. „Hér er ró og hér er friður og gott að setjast niður.“

Sýningin er í Gróskusalnum á 2.hæð á Garðatorgi í Garðabæ. Gengið inn á torgið við hliðina á Bónus og þá blasir hurðin upp í Gróskusalinn við.

Sýningin er opin um næstu helgi, laugar- og sunnudag 9. og 10. nóvember og loka-helgina 16. og 17. nóvember. Opið alla dagana milli kl.14-18.



AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN

KLAPPARSTÍG 29 | ASWEGROW.IS


Vefmiðill Garðapóstsins www.kgp.is


NOMY

VEISLUÞJÓNUSTA

LÁTTU VERÐLAUNAKOKKA
NOMY SJÁ UM VEISLUNA ÞÍNA.
BÓKAÐU JÓLAHLAÐBORD OG
JÓLASMÁRÉTTAVEISLU
Á NOMY.IS

HÁGÆÐA MATREIÐSLA
FYRIR ÖLL TILEFNI





Veist þú hvað barnið þitt er með í bakpokanum?

→ Fundur með forráðafólki barna og unglunga í Garðabæ 12. nóvember kl. 20:00 í Sjálandsskóla.

DAGSKRÁ

- Fundarstjóri opnar fundinn
- Ávarp Almars Guðmundssonar bæjarstjóra Garðabæjar
- Vopnaburður og viðbrögð lögreglunnar – Samfélagslöggan kíkir í heimsókn
- „Jákvætt starf félagsmiðstöðva í Garðabæ“ – Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir, forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Elítunni
- „Stýrir algóritminn uppeldi þinna barna?“ – Skúli B. Geirdal
- Umræður
- Fundarslit – Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður ÍTG

Um 500 kennarar og starfsfólk í leik- og grunnskólum á Menntadegi Garðabæjar

Það var hátíðleg stemning í Urriðaholtsskóla á föstudaginn þegar Menntadagur Garðabæjar var haldinn. Þá komu um 500 kennarar og starfsfólk í leik- og grunnskólum bæjarins saman og nutu glæsilegrar dagskrár og hlýddu svo á áhugaverð erindi á málstofum sem boðið var upp á yfir daginn.

Bjarni Snæbjörnsson, Sigga Eyrún og Kalli Olgeirs opnuðu dagskrána með sannkallaðri söngleikjasveiflu. Þá hélt Fríða Bjarney Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu, afar áhugavert erindi undir yfirskriftinni „Tengjumst og tölum saman; Viðhorf og samskipt í inngildandi skóla- og frístunda- starfi.“

Í kjölfarið var metnaðarfullu starfi leik- og grunnskóla í Garðabæ gert hátt undir höfði og veittu leik- og grunnskólanefndir Garðabæjar viðurkenningar til þriggja kennara fyrir framúrskarandi verkefni og

framlag sitt til menntamála í bænum. Það voru þau Gauti Eiríksson, Ólafur Schram og Hrafnhildur Sigurðardóttir sem hlutu viðurkenningar í ár.

Boðið var upp á erindi í málstofum



Leik- og grunnskólanefndir Garðabæjar veittur viðurkenningar til þriggja kennara fyrir framúrskarandi verkefni og framlag sitt til menntamála í bænum. F.v. Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ólafur Schram og Gauti Eiríksson sem hlutu viðurkenningu í ár ásamt Almari Guðmundssyni bæjarstjóra

Einnig voru veittar viðurkenningar til leik- og grunnskóla bæjarins fyrir vinnu sína með samskiptasáttmála Garðabæjar. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir sá um að kynna dagskrána.

Þá var komið að málstofum dagsins þar sem kennurum og starfsfólki í leik- og grunnskólum Garðabæjar gafst tækifæri á að hlýða á áhugaverð erindi um verkefni sem hlotið hafa styrki úr þróunarsjóðum leik- og grunnskóla í Garðabæ undanfarin ár.



Veittar voru viðurkenningar til grunnskóla bæjarins fyrir vinnu sína með samskiptasáttmála Garðabæjar



Veittar voru viðurkenningar til leikskóla bæjarins fyrir vinnu sína með samskiptasáttmála Garðabæjar



Hrafnhildur Sigurðardóttir, Edda Rósa Gunnarsdóttir, Lovísa Lind Sigurjónsdóttir, Dóra Margrét Bjarandóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir, sem tilnefnd var til íslensku menntaverðlaunana og fram fóru í gær þegar Gp var farinn í prentun



eignaumsjon.is

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Válgæðingur Væðingur

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

Gleðisveitin



Linda Björk Jóhannsdóttir



Lilja Hjaltadóttir



Perla Magnúsdóttir



Benni og Jói

Opið hús

í safnaðarheimili Vídalínskirkju
alla þriðjudaga í vetur

Helgistund kl. 12:00 - opið hús kl. 13:00

- 5. nóv. – Bær í blóma - Linda Björk Jóhannsdóttir með fyrirlestur um umhverfismál í Garðabæ. Lilja Hjaltadóttir leikur á fiðlu í kyrrðarstundinni kl. 12.
- 12. nóv. – Söngur og hamingja. Sönghópurinn Gleðisveitin flytur skemmtileg lög sem allir geta sungið með.
- 19. nóv. – Veldu þér viðhorf. Perla Magnúsdóttir lífskúntner með meiru flytur hugvekju um jákvæða sálfræði.
- 26. nóv. – Benni og Jói syngja inn jólin - heitt súkkulaði og smákökur.

Verið öll velkomin - nánar á gardasokn.is.

Súpa og brauð – verð 500 kr.



Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif tónlistarnáms á börn og ungmenni

Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar 60 ára afmæli með fernum afmælistónleikum á laugardaginn

Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar 60 ára afmæli en skólinn var stofnaður árið 1964 og hét þá Tónlistarskóli Garðahrepps, en fyrsta skólaárið voru 30 nemendur við skólann og 3 kennarar, en skólinn hefur vaxið fiskur um hrygg því nú stunda tæplega 500 nemendur nám í skólanum og við hann starfa 45 kennarar.

Garðapósturinn heyrði hljóðið í Laufey Ólafsdóttur, skólastjóra og Lindu Margréti Sigfúsdóttur, aðstoðarskólastjóra við Tónlistarskóla Garðabæjar, en í tilefni af afmælinu verður boðið upp á ferna afmælistónleika laugardaginn, 9. nóvember, í tónlistarsal skólans í Kirkjulundi og eru allir boðnir hjartanlega velkomnir.

Hvað mega gestir eiga von á að sjá og heyra á afmælistónleikunum - hvað verður boðið upp á? „Tónleikagestir eiga von á fjölbreyttri dagskrá sem sýnir þá miklu breidd og kraft sem er í skólastarfinu. Við leggjum áherslu á samspilsatriði þannig að fram koma blásarasveitir, strengjasveitir, þverflautukórar, hóp píanóatriði og rytmasamspil og margt fleira. Sem dæmi um samstarf þvert á deildir í skólanum má nefna að Stórsveitin og elsta strengjasveitin ásamt nemendum úr söngdeildinni hafa undirbúið atriði fyrir afmælishátíðina. Við getum lofað mjög skemmtilegri og metnaðarfullri dagskrá,” segja þær Laufey og Linda.

Höfum lagt meiri áherslu á samspil

Laufey, þú tekur við sem skólastjóri árið 2012 og Linda þú kemur inn ári síðar, hvernig hefur skólinn þróast á þessum árum - hafa áherslur og hlutverk tónlistarskólans breyst mikið á ykkar tíma? „Skólar eru í stöðugri þróun og það á einnig við um tónlistarskóla. Það sem hefur helst breyst á síðustu árum og er mjög sýnilegt í skólastarfinu er að við höfum lagt meiri áherslu á samspil og samstarf og höfum fjölgað samspilshópum í skólanum. Þá stofnuðum við nýja deild haustið 2012 sem kennir samkvæmt Suzukiaðferðinni á fiölu, víólu, selló og píanó. Við höfum einnig lagt áherslu á samstarf við aðra tónlistarskóla til að auka námsframboð og tækifæri nemenda til að taka þá í fjölbreyttari verkefnum,” segja þær.

Stór og öflug söngdeild

En það sem ég rek augun í þegar ég skoða námsbrautirnar hjá ykkur þá bjóðið þið upp á klassíska söngdeild - svo þið eru ekki eingöngu að kenna á hljóðfæri? „Það er rétt við kennum líka söng, skólinn hefur mjög lengi verið með stóra og öfluga söngdeild. Það hafa margir frábærir söngvarar útskrifast úr söngdeildinni sem hafa sett mark sitt á íslenskt tónlistarlíf og starfað bæði hér á landi og erlendis,” segir Laufey.

Í grunninn er tónlistarnám mjög hefðbundið

Hvað með kennsluáferðir, hafa þær breyst eitthvað í tímanna rás með t.d. með bættir aðstöðu eða með komu snjalltækninnar o.fl.? „Í grunninn er tónlistarnám mjög hefðbundið, það þarf að læra ákveðna nálgun og tækni við hljóðfærið, læra að lesa nótur og fleira sem er ekki hægt að læra nema maður á mann í tónlistartímum. Einn mikilvægast er svo

að nemandinn þarf að æfa sig heima til að ná færni á hljóðfærið. Vissulega notum við tæknina þar sem við á. Við notum til að mynda vefnámsumhverfi sem stuðning í tónfræðikennslu og sumir kennarar nota öpp við kennslu,” segir Linda.

Hér hefur tekist vel til með sameininguna og við getum verið stolt af henni

En það verða ákveðin tímamót við skólann árið 2013, þegar Tónlistarskóli Garðabæjar og Álfanes eru sameinadír, þið hafið þá nýlega hafið störf við skólann, var einhugur um þá ákvörðun og hefur samstarfið gengið vel? „Við erum einn öflugur skóli með samheldinn hóp kennara og góða nemendur úr öllum Garðabæ. Hér hefur tekist vel til með sameininguna og við getum verið stolt af henni. Kennarar skólans fara í grunnskóla Garðabæjar og kenna og nemendur geta því sinnt náminu á skólatíma, sem gerir námið aðgengilegra fyrir alla,” segir Linda.

Tónlistarnámið er mjög vinsælt og það komast færri að en vilja - er skólinn löngu sprunginn - mörg ár síðan? „Bærinn hefur stækkað hratt á síðustu árum og íbúum fjölgað þannig að biðlisti í tónlistarskólann endurspeglar það. Það er ánægjulegt að eftirspurnin sé svona mikil og er skólanum okkar til sóma, en auðvitað myndum við vilja að fleiri kæmust að og að við gætum annað allri eftirspurn,” segir Laufey.

Erum bjartsýnar á að stækkun skólans sé á áætlun

Undanfarnar mánuði hefur skólanefnd tónlistarskólans rýnt í framtíð skólans, næstu skref og mikilvægi þess að stækka skólann - hvernig er staðan með það? „Við erum bjartsýnar á að stækkun skólans sé á áætlun. Hún myndi bæta aðstöðu skólans, þ.e. nemenda og kennara umtalsvert,” segir Laufey.

En hvað með annan búnað og hljóðfæri, þarf að fara að uppfæra mörg þeirra eða kemur hver nemandi með sitt hljóðfæri kannski fyrir utan stærstu hljóðfærin?

„Við erum ágætlega stödd hvað varðar hljóðfærakost í skólanum. Við leigjum út hljóðfæri til yngri nemenda í strengjadeild og blásaradeild en önnur hljóðfæri leigjum við ekki út,” segir Linda.

Tónlistarnám þjálfar marga þætti

Hvaða áhrif hefur tónlistarmenntun á líf og þroska ungs fólks - af hverju eiga börn og unglíngar að velja tónlistarnám? „Tónlistarnám þjálfar marga þætti s.s. samhæfingu, tilfinningagreind, að hlusta og geta unnið með öðru fólki, aga, að skipuleggja sig og svo ótal margt fleira. Það eru til margar rannsóknir sem hafa sýnt fram á jákvæð áhrif tónlistarnáms á börn og ungmenni óháð því hversu lengi þau eru í tónlistarnámi,” segir Laufey.

Margt ungt tónlistarfólk er mjög duglegt að skapa vettvang fyrir listsköpun sína

Eru nemendur ykkar fyrst og fremst að læra á hljóðfæri sér til gamans eða til að stefna út í lífið sem listamenn og hvaða atvinnumöguleikar eru í boði fyrir nemendur sem útskrifast úr Tónlistarskó-

la Garðabæjar? „Í upphafi tónlistarnáms eru flestir komnir til að læra af áhuga og sér til ánægju, en svo eru alltaf nokkrir

félaginu. Tónlistarfólk Garðabæjar kemur víða við og stendur sig vel,” segir Laufey.



Tvær öflugar á 60 ára afmælisári! Linda Margrét Sigfúsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri tónlistarskólans

nemendur sem finna þegar fram líða stundir að þeir geti hugsað sér að leggja fyrir sig tónlist. Eftir útskrift úr Tónlistarskóla Garðabæjar geta þeir nemendur sem vilja halda áfram á tónlistarbrautinni sótt um að fara í Listaháskólann eða til útlanda í háskólanám í tónlist. Það er næga vinnu að fá við tónlistarkennslu að loknu háskólanámi í tónlist fyrir þá sem það vilja og svo sjáum við að margt ungt tónlistarfólk er mjög duglegt að skapa vettvang fyrir listsköpun sína og það er frábært. Við sjáum þetta líka endurspeglast í menningarviðburðum bæjarins - og víðar í sam-

Skólinn er fyrir alla óháð aldri

Ég tala um börn og unglíngar í tónlistarnáminu, en hvernig er það, geta allir, sama á hvaða aldri þeir eru komið og stundað tónlistarnám í Tónlistarskóla Garðabæjar? „Flestir nemendur okkar eru á leik-, grunn-, og framhaldsskólaaldri en skólinn er fyrir alla óháð aldri. Það eru alltaf nokkrir eldri einstaklingar sem vilja koma og læra hjá okkur en flestar umsóknir í skólann eru fyrir nemendur á grunnskólaaldri,” segir Linda.

Saga Tónlistarskóla Garðabæjar

1964 Skólinn stofnaður og hét þá Tónlistarskóli Garðahrepps. Tónlistarfélag Garðahrepps rak hann og var stofnað sama ár.

1984 Skólastjóri: Guðmundur Norðdahl. Kennslan fór að mestu fram á heimili skólastjóra en var svo flutt í húsnæði barnaskóla Garðahrepps. Auk þess kenndu kennarar skólans heima hjá sér.

1975 Garðahreppur tók við rekstri skólans og nafni skólans fyrst breytt í Tónlistarskóla Garðahrepps og svo síðar í Tónlistarskólann í Görðum. Skólastjóri: Alma E. Hansen (1975–1984). Kennsla fór fram í verksmiðjuhúsi Þakpappaverksmiðjunnar í Silfurtúni. Einnig var kennt í skátaheimilinu í Hraunhólum og í Flataškóla.

1978 Skólinn tók á leigu DAS-húsið að Hæðarbyggð 28 og fór kennsla þar fram til ársins 1984.

1982 Deild frá Tónlistarskólanum í Görðum stofnuð á Álfanesi. Kennsla fór fram eftir skóla í Álfanesiskóla og heima hjá velunnurum skólans, þeim hjónum Árna Björnssyni og Guðnýju Bjarnar.

1983 Smári Ólason ráðinn yfirkennari (1983–2000). Skólinn tók á leigu íbúðarhúsnæði

skólaárið 1983–1984 að Garðafli 7. Einnig iðnaðarhúsnæði í Smiðsbúð 6 og kennsla fór fram þar næstu árin.

1984 Nafni skólans, Tónlistarskólann í Görðum, breytt í Tónlistarskóla Garðabæjar. Skólastjóri: Gísli Magnússon (1984–1999). Deildarstjóri við Álfanesdeild: Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir. Skólinn bætur við sig húsnæði og kennir einnig í Smiðsbúð 4.

1985 Tekin í notkun viðbygging við Álfanesiskóla og starfsemi Álfanesdeilda flyst þangað.

20. september 1987 Tónlistarskóli Bessastaðahrepps á Álfanesi stofnaður. Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir skólastjóri skólans frá stofnun til 2013.

6. maí 1998 Fyrsta skóflustungan tekin að nýju húsnæði að Kirkjulundi 11 fyrir Tónlistarskóla Garðabæjar.

Haust 1999 Tónlistarskóli Garðabæjar flytur í nýtt húsnæði að Kirkjulundi 11.

2000 Skólastjóri: Agnes Löve (2000–2012). Aðstoðarskólastjóri: Hjörleifur Valsson (2000–2002).

Ótrúlega gefandi að vinna í Tónlistarskóla Garðabæjar

Hvað segja svo skólastjórnir - hvernig hefur tíminn ykkar verið hjá Tónlistarskóla Garðabæjar? „Það er ótrúlega gefandi að vinna í Tónlistarskóla Garðabæjar með öllu því frábæra starfsfólki sem þar er og fá að vinna með öllu þessu unga fólki sem kemur í skólann til okkar og fá að taka þátt í sigrum þeirra stórum sem smáum. Verkefni eru fjölbreytt, það er enginn dagur eins og það er alltaf gaman að koma í vinnuna,” segir þær.

Helsta áskorunin sú að skólinn verði áfram mikilvægur í tónlistaruppeldi barna og ungmenna í Garðabæ

Tónlistarskóli Garðabæjar á sjálfsagt eftir að verða háaldraður, hverjar verða nú helstu áskoranirnar í skólastarfinu á næstu árum? „Áskorunin hlýtur að vera sú að skólinn verði áfram mikilvægur í tónlistaruppeldi barna og ungmenna í Garðabæ. Þjóði upp á fyrsta flokks kennslu og nám við hæfi hvers og eins og að nemendum okkar líði vel og fari frá okkur með góðar minningar um veruna í skólanum,” segir Linda.

Afmælishátíð á laugardaginn

En Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar merktu tímamótum með afmælishátíð á laugardaginn - og þið hvetjið bæjarbúa til að koma við, skoða og njóta þess sem boðið verður uppá? „Við hvetjum alla Garðabæinga til að koma í skólann og njóta tónlistar og fagna með okkur á þessum tímamótum,” segja þær stóllur brosandir að lokum.

Nýtt húsnæði fyrir Tónlistarskóla Bessastaðahrepps tekið í notkun og er staðsett í íþróttahúsinu.

Farið er að kenna í auknum mæli í grunnskólum bæjarins.

2001 Viðbótarhúsnæði fyrir Tónlistarskóla Bessastaðahrepps tekið á leigu í Landakoti.

2004 Nafni Tónlistarskóla Bessastaðahrepps var breytt í Tónlistarskóla Álfanes þegar nafni hreppsins var breytt í Sveitarfélagið Álfanes.

2005 Nýtt húsnæði tekið í notkun fyrir Tónlistarskóla Álfanes í sér-álmu í Álfaneskóla.

2012 Skólastjóri: Laufey Ólafsdóttir.

2013 Garðabær og Sveitarfélagið Álfanes sameinuð og þar með tónlistarskólarnir tveir.

Aðstoðarskólastjóri: Sólveig Anna Jónsdóttir. Deildarstjóri Álfanesdeilda: Linda Margrét Sigfúsdóttir.

2024 Tónlistarskóli Garðabæjar 60 ára!



*Jólahlaðborð Fjörúkráinnar
hefst 15 nóvember*

Bókanir og fyrirspurnir: birna@fjorukrain.is



*Víkingasveitin okkar spilar
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við
eftir borðhald*

Kirkjan er vettvangur fyrir allskonar fólk og það er skylda okkar að taka á móti öllum sem til hennar leita

- segir Sigurvin Lárus Jónsson sem settur verður í embætti í Vídalínskirkju sem þriðji prestur kirkjunnar nk. sunnudag

Næstkomandi sunnudag verður þriðji prestur Vídalínskirkju, Sigurvin Lárus Jónsson, settur í embætti. Sigurvin er prestur og nýjatestamentisfræðingur sem hefur starfað víða við prestþjónustu og kennslu.

Hver er maðurinn? „Móðir mín Sif Sigurvinsdóttir ólst hér upp í Garðabæ en foreldrar hennar byggðu sér heimili á Markaflöt 57 og faðir minn var Jón Lárus Sigurðsson röntgenlæknir. Sjálfur er ég giftur Rakel Brynjólfssdóttur og á þrjá drengi á aldrinum 9 til 21 árs.“

Með tengsl við Garðabæ

Hvar hefur þú starfað áður en þú komst í Garðabæinn? „Ég eyddi námsárunum mínum í Laugarneskirkju, þar sem ég lærði af sr. Bjarna Karlssyni. Eftir guðfræðináms starfaði ég í Nes Kirkju frá 2006 til 2016 með áherslu á æskulýðsstarf. Eftir að ég kom heim úr framhaldsnámi hef ég sinnt prestþjónustu fyrir Frikirkjurnar í Hafnarfirði og Reykjavík og ég held góðum tengslum við þá söfnuði. Ég kom til starfa í Garðasókn 1. ágúst síðastliðinn.“

Hvernig lýst þér á safnaðarstarfið í Vídalínskirkju? „Ég hef þekkt prestana hér um árabil, og það er margt líkt í þeirra áherslum og þeim sem ég kynntist í Laugarneskirkju. Það er þó ýmislegt í því blómlega safnaðarstarfi sem hér fer fram sem



Sigurvin Lárus verður settur í embætti í Vídalínskirkju nk. sunnudag

ég hef ekki kynnst áður. Má þar nefna Örninn, sem veitir stuðning börnum og ungmönnum sem hafa misst foreldri, sem og þá fjölbreytni sem einkennir helgihaldið hér. Þá hef ég aldrei tekið þátt í bangsa- og gæludýrablessun en það var yndisleg upplifun í síðasta mánuði að fá að blessa þau dýr sem hingað komu.“

Nýjatestamentisfræðingur

Þú ert nýjatestamentisfræðingur, hvað felur það í sér? „Ég fékk styrk til að stunda nám við Árósháskóla 2016 og lauk

þaðan doktorsprófi 2019 en við dvöldum jafnframt tvær annir í Atlanta í Georgíu. Frá því ég lauk námi hef ég fengið að kenna sem stundakennari við Háskóla Íslands og við guðfræðideild í Þýskalandi, en ég fæ að leysa prófessorinn þar af í sumar með leyfi biskups og safnaðarins hér. Þá hef ég skrifað um Nýja testamentið sem hægt er að fletta upp á Amazon. Það er von mín að þessi menntun nýtist kirkjunni en það munu birtast myndbönd á næstu vikum sem kynna Biblíuna fyrir fullorðnu fólki með skírskotun til samtímans.“

Líðan ungs fólks, einsemd í samfélaginu og fjölmening

Hver eru brýnustu verkefni kirkjunnar að þínu mati? „Kirkjan er vettvangur fyrir allskonar fólk og það er skylda okkar að taka á móti öllum sem til hennar leita. Þau verkefni sem samfélagið stendur frammi fyrir eru kirkjunni ekki óviðkomandi og þar eru þrjú sem ég hef helst í huga. Þau eru líðan ungs fólks, einsemd í samfélaginu og fjölmening. Það er von mín að við getum lagt okkar af mörkum í Garðasókn til að fjalla um þau mál með fjölbreyttum hætti. Safnaðarstarfið hefur það markmið að minna okkur á að við erum elskuð, að við stöndum ekki ein í lífinu, og að fagna beri fjölbreytileika en ekki óttast hann. Ég er þakklátur fyrir það tækifæri að fá að starfa í Garðabæ,“ segir Sigurvin Lárus.

Bangsadagur á bókasafninu



Bangsagleði var á Bókasafni Garðabæjar 25. október í tilefni af hinum alþjóðlega bangsadegi sem haldinn er hátíðlegur ár hvert. Boðið var uppá bangsaföndur, myndabás og bangsagetraun og mættu mörg börn í gleðina með bangsana sína og nokkrar leikskóladeildir litu við með sína nemendur.

Mjög góð þátttaka var í getrauninni og voru þrjár heppnir dregnir út sem fengu bangsa í verðlaun. Það voru þau Auður Dan Andreu-



dóttir, Daniel Mihai og Andrea Gróa Þorbjörnsdóttir. Starfsfólk bókasafnsins óskar þeim til hamingju og þakkar öllum sem tóku þátt í getrauninni og fögnuðinum.

Margt skemmtilegt er framundan á bókasafninu fyrir börn á öllum aldri, s.s. skynjunarleikir, skuggaleikhús, sögur- og söngur, hundalestur, fönður, upplestrar rithöfundar úr nýjum barnabókum og jólagleði.

Allar upplýsingar um viðburði er að finna á heimasíðu og samfélagsmiðlum safnsins.



GEFÐU ÞÉR OG ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM VELLÍÐAN

GJAFAKORT

Nafn korthafa: _____

Þjónusta eða vara: _____

Tímalengd eða upphæð: _____ Gildir út: _____



www.relaxation.is

RELAXATION CENTRE
NUDD OG SNYRTING

Nýbúlavegi 8 & www.relaxation.is

Forvarnarvika Garðabæjar

1.-8. nóvember 2024

Góð samskipti



Jólin þín byrja á veitingastað IKEA

595,-

Súkkulaðimús með
hindberjakompott

595,-

Vegan súkkulaðimús með
lotus-kexi og biscoff-smyrju

595,-

Hvítsúkkulaðimús með
pralín

695,-

Tiramisú

595,-/stk.

Risalamande
með kirsuberjasósu
eða karamellu

395,-/stk.

Sörur með karamellu
eða súkkulaði

Veitingastaðurinn er opin 11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

